

## Siðasáttmáli VÍS

Siðasáttmáli VÍS byggir á hugmyndum starfsmanna félagsins um hvernig þeim beri að haga störfum sínum og lýsir þannig viðhorfum þeirra og væntingum um gæði starfseminnar. Allir starfsmenn VÍS, söluráðgjafar og þjónustuaðilar undirrita sáttmálann við ráðningu og staðfesta síðan árlega ætlu sína um að framfylgja honum. Siðaráð er starfandi sem endurskoðar siðasáttmálann árlega og hefur jafnframt það hlutverk að fylgja eftir ábendingum um brot á honum.

Vátryggingafélag Íslands er samfélagslega mikilvægt fyrirtæki sem hefur hag viðskiptavina, starfsmanna, eigenda og samfélagsins í fyrirrúmi. Siðasáttmálinn er félaginu mikilvægur. Í öllum sínum samskiptum leggur félagið áherslu á að starfsmenn fari að lögum og reglum sem gilda um starfsemina. Hann endurspeglar hvernig starfsmenn VÍS haga samskiptum sínum við viðskiptavini, samstarfsmenn, eftirlitsstofnanir, hluthafa, samkeppnisaðila sem og eftir atvikum samfélagið allt.

Starfsmenn VÍS hafa í sameiningu sett sér gildi sem eru:

### Fagmennska – Umhyggja – Árangur.

Siðasáttmálinn á að endurspeglar gildi VÍS sem lýsa vinnulagi og framkomu við störf fyrir félagið. Með því að framfylgja siðasáttmálanum gæta starfsmenn orðspors VÍS, stuðla að farsælum rekstri og ýta undir hið mikilvæga hlutverk sem vátryggingar hafa í samfélaginu.

Siðareglurnar gilda jafnt um stjórn félagsins, stjórnendur og aðra starfsmenn. Forstjóri og framkvæmdastjóri VÍS skipuleggja starfsemina þannig að unnt sé að framfylgja sáttmálanum með skilvirkum hætti, fylgja því eftir að honum sé framfylgt og eru öðrum gott fordæmi. Að sama skapi leggur yfirstjórn félagsins áherslu á góða stjórnarhætti sem leggja grunn að heilbrigðri starfsemi.

Til að tryggja eftirfylgni með framfylgd siðasáttmálans er starfsmönnum reglulega kynntar leiðbeiningar um ákvörðunartöku þegar kemur að siðferðilegum málefnum. Hjá VÍS er í gildi [verklýsing](#) sem tekur á brotum starfsmanna á starfsskyldum og fjalla þær meðal annars um hvernig tekið er á brotum á siðareglum. Starfsmenn geta komið ábendingum um brot á sáttmálanum í réttan farveg hjá siðaráði í gegnum [frávikaskráningu](#) án þess að óttast um starf sitt eða aðra eftirmála. Þrátt fyrir leiðbeiningar siðasáttmálans og verklagsreglur er dómgreind hvers og eins starfsmanns sá endanlegi mælikvarði sem hann leggur á viðfangsefni sín hverju sinni.

### Siðareglur :

#### Viðskiptavinir

Við upplýsum og leiðbeinum viðskiptavinum af umhyggju og fagmennsku með vátryggingaþörf og hag þeirra í huga. Við reynum að tryggja að þeir skilji þau viðskipti sem þeir eiga við VÍS. Þannig er stuðlað að gagnsæi og jafnræði í viðskiptum okkar og virðing og heiðarleiki sýnd í verki.

Við látum persónulega hagsmuni ekki trufla störf okkar. Við erum meðvituð um hættu á hagsmunaaðreikstrum og metum sjálf hvort efast megi um hæfi okkar til að taka ákvarðanir eða afgreiða mál svo sem vegna skyldleika eða tengsla. Ef vafi leikur á því skal strax upplýsa yfirmann um mögulegt vanhæfi. Við förum eftir [verklagsreglum](#) félagsins hvað snertir gjafir, fyrirgreiðslu eða þjónustu sem okkur stendur til boða

Við virðum trúnað og stöndum vörð um persónuupplýsingar Trúnaður okkar varir áfram þótt við látum af störfum fyrir VÍS.

## Samstarfsmenn

Við erum heiðarleg í samskiptum okkar, berum virðingu fyrir og sýnum skilning á störfum hvers annars. Við fylgjum verklagsreglum félagsins, sem stuðla að góðum samskiptum. Við sýnum hvert öðru trúnað. Það er á ábyrgð allra starfsmanna að byggja upp góða liðsheild og starfsanda hjá VÍS.

Við virðum ólík sjónarmið, ræktum hæfileika hvers og eins og leyfum þeim að njóta sín. Eins og fram kemur í [jafnréttisstefnu félagsins](#) ríkir jafnrétti hjá VÍS þar sem hver einstaklingur er metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu.

## Hluthafar

Samhliða því að gæta hagsmuna VÍS sem hlutafélags og hagsmuna hluthafa þess, tryggjum við hag samfélagsins af því að VÍS sé gott og traust váttryggingafélag. Við gætum þess að koma heiðarlega fram og upplýsa þá sem þörf er á um hagi félagsins á réttan hátt og á réttum tímapunkti.

## Eftirlitsstofnanir

Við störfum samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemina og berum virðingu fyrir þeim stofnunum samfélagsins sem hafa það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi okkar. Við gerum okkur ljóst að reglufylgni, gagnsæi í störfum og heiðarleg samskipti eru lykilatriði góðs samstarfs á þessu sviði. Persónulegir hagsmunir eða skoðanir hafa ekki áhrif á samskipti okkar við eftirlitsstofnanir.

## Samfélag

Váttryggingafélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Við sýnum samfélagsábyrgð í verki og vinnum samkvæmt stefnu um hana. Stefnuna er að finna á heimasíðu félagsins og þar má sjá áherslur VÍS í samfélagsábyrgð.

## Samkeppnisaðilar

Við störfum af heiðarleika á samkeppnismarkaði þannig að viðskiptavinir njóti góðs af. Við virðum keppnauta okkar og samkeppnislög.

Með undirritun þessari staðfesti ég að hafa kynnt mér efni sáttmálans og að ég muni starfa eftir honum.

Reykjavík, 23. mars 2018



Salla V.  
Fr. Jónsd.  
Gestur B. Gunnar  
Valdís S.